

ÁKÆRA

Saksóknari við embætti sérstaks saksóknara skv. lögum nr. 135/2008

Gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur:

Lárusi Welding, kt. 111276-4399, búsettum í Bretlandi,

Jóhannesi Baldurssyni, kt. 211171-3919, Reynimel 84, Reykjavík,

og Þorvaldi Lúðvík Sigurjónssyni, kt. 150671-4779, Þorvaldsstöðum, Akureyri,
fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum:

I

Á hendur ákærða Lárusi fyrir umboðssvik, með því að hafa 16. nóvember 2007 sem forstjóri og formaður áhættunefndar Glitnis banka hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi í Reykjavík misnotað aðstöðu sína með því að fara út fyrir heimildir sínar til lánveitinga og stefna fjármunum bankans í verulega hættu þegar hann létt bankann veita FS 37 ehf. kt. 661007-2140, (16. nóvember 2007 var nafni félagsins breytt í Stím ehf.) 19.538.481.818 króna lán, án fullnægjandi trygginga og í andstöðu við reglur stjórnar bankans og lánareglur bankans, þar sem lánið rúmaðist ekki innan viðskiptamarka sem áhættunefnd og ákærði gátu ákveðið.

Á fundi áhættunefndar Glitnis banka hf. 12. nóvember 2007, sem ákærði tók þátt í, hafði nefndin samþykkt að FS 37 ehf. væri í áhættuflokki 7 samkvæmt reglum bankans. Samþykkti nefndin þá að lána FS 37 ehf. allt að 24.000.000.000 króna til að fjármagna kaup á hlutum í Glitni banka hf. og FL Group hf., stærsta eiganda bankans.

Samkvæmt reglum stjórnar Glitnis banka hf. um lán og markaðsáhættu frá 2. október 2007 og lánareglum bankans gat áhættunefnd tekið ákvörðun um viðskiptamörk lántaka í áhættuflokki 7 sem námu allt að 8% af eiginfjárgrunni (CAD-hlutfalli) bankans á samstæðugrundvelli. Eiginfjárgrunnar bankans nam 215.036.000.000 krónum samkvæmt síðasta ársfjórðungsuppgjöri bankans vegna þriðja ársfjórðungs 2007, birt 30. október sama ár. Samkvæmt því voru heimildir áhættunefndar og ákærða í stöðu sinni vegna lánveitinga til FS 37 ehf. takmarkaðar við 17.202.880.000 króna viðskiptamörk. Stjórn bankans var ein bær til þess að samþykka hærri viðskiptamörk vegna lánveitinga til FS 37 ehf. samkvæmt framangreindum reglum. Bar ákærða, áður en lánið var veitt, að leita eftir samþykki stjórnar Glitnis banka hf. fyrir viðskiptamörkum vegna lánsins til FS 37 ehf. en ákærði brást þeirri skyldu sinni.

Ákærði undirritaði fyrir hönd Glitnis banka hf. lánssamning við FS 37 ehf., dagsettan 16. nóvember 2007, þar sem bankinn veitti féluginu fyrrnefnt 19.538.481.818 króna lán. Lánið var til eins árs og veitt í þeim tilgangi að fjármagna um 78% af kaupverði FS 37 ehf. á um 4,3% hlut í Glitni banka hf. og um 4,1% hlut í FL Group hf. Hlutabréfin keypti félagið af Glitni banka

hf. sjálfum með kaupsamningi dagsettum 14. nóvember 2007, alls 640.000.000 hluti í Glitni banka hf. á 25,5 krónur á hvern hlut, og 380.000.000 hluti í FL Group hf. á 22,05 krónur á hvern hlut. Hlutabréfaviðskiptin námu alls 25.038.481.818 krónum. Viðskiptadagur var 13. nóvember 2007 og uppgjörsdagur 16. nóvember 2007. Af láni Glitnis banka hf. til FS 37 ehf. var 19.343.097.000 krónum ráðstafað 19. nóvember 2007 upp í greiðslu fyrir hlutina inn á reikning FS 37 ehf. hjá Glitni banka hf.

Til tryggingar láni Glitnis banka hf. til FS 37 ehf., samkvæmt lánssamningnum 16. nóvember 2007, voru bankanum sett að veði hlutabréfin í FL Group hf. og allt hlutafé FS 37 ehf. Hlutabréf FS 37 ehf. í Glitni banka hf. voru háð sölù - og veðsetningarbanni. Í lánssamningnum kom jafnframt fram að lántakinn FS 37 myndi skuldbinda sig til þess að hafa stöðu eigna félagsins á móti samanlögðum uppreiknuðum eftirstöðvum lánsins samkvæmt samningnum að minnsta kosti 125%. Vegna gengislækkunar hlutabréfa í Glitni banka hf. og FL Group hf. fram að útborgunardegi lánsins 19. nóvember 2007 voru eignir FS 37 ehf. þá þegar komnar undir þetta áskilda eignahlutfall en þær námu þá um 123,6% af lánsfjárhæðinni. Eiginlegar tryggingar fyrir lánveitingunni voru því ófullnægjandi og fjártjónshætta veruleg.

Hinn 28. mars 2008 var um 80% af eignum Stíms ehf. (áður FS 37 ehf.) skipt niður á fjögur ný félög sem voru öll í 100% eigu Stíms ehf. Lánaði Glitnir hverju dótturfélaganna um 2,7 milljarða króna og var þeim fjármunum, alls um 10,9 milljörðum varið í að kaupa af Stími ehf. alls 511.000.000 hluti í Glitni á genginu 17,15 krónur fyrir hvern hlut og 340.370.000 hluti í FL Group á genginu 6,27 krónur fyrir hvern hlut. Verðmæti allra eigna Stíms ehf. og dótturfélaganna fjögurra var á þessum tíma komið niður í um 15 milljarða króna en skuldir þeirra við Glitni banka hf. voru komnar upp í um 23 milljarða króna. Þrátt fyrir framangreinda uppskiptingu eigna og skulda Stíms ehf., varð engin breyting á áhættu Glitnis banka hf. vegna þessara lánaviðskipta enda engar viðbótartryggingar lagðar fram og félögin öll í 100% eigu Stíms ehf. Sama dag og eignauppskiptingin átti sér stað, 28. mars 2008, barst Glitni banka hf. greiðsla inn á lánið sem ákærði hafði látið Glitni banka hf. veita FS 37 ehf. 16. nóvember 2007. Var um að ræða arðgreiðslu vegna hlutafjáreignar Stíms ehf. í Glitni banka hf., alls 210.520.000 krónur, sem greiddar voru inn á lánið.

Bú Stíms ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 24. maí 2012 og lauk skiptum 30. ágúst 2013. Lýstar almennar kröfur í þrotabúið námu alls 24.028.696.069 krónum, þar af lýsti slitastjórn Glitnis banka hf. alls 24.028.503.834 króna kröfu vegna lánssamningssins frá 16. nóvember 2007. Samkvæmt úthlutunargerð þrotabús Stíms ehf. fengust 15.213.669 krónur, eða 0,06%, upp í almennar kröfur, þar af fékk Glitnir banki hf. úthlutað 15.213.547 krónum upp í kröfu sína. Slitastjórn Glitnis banka hf. lýsti alls um 17,7 milljarða króna almennum kröfum í þrótabú fyrrgreindra fjögurra dótturfélaga Stíms ehf., vegna áðurnefndra lána bankans til þeirra frá 28. mars 2008. Skiptum á þrotabúunum lauk 19. maí 2011 án þess að nokkuð fengist greitt upp í kröfurnar. Samkvæmt þessu verður að telja kröfur slitastjórnar Glitnis banka hf. vegna framangreindra lánveitinga með öllu tapaðar og leiðir það tjón af háttsemi ákærða.

II

Á hendur ákærða Lárusi fyrir umboðssvik, með því að hafa 4. janúar 2008 sem forstjóri og formaður áhættunefndar Glitnis banka hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi í Reykjavík, misnotað aðstöðu sína með því að fara út fyrir heimildir sínar til lánveitinga og stefna fjármunum bankans

í verulega hættu þegar hann lét Glitni banka hf. veita Stími ehf., kt. 661007-2140, 725.733.870 króna peningamarkaðslán, án fullnægjandi trygginga og í andstöðu við reglur stjórnar bankans og lánareglur bankans, þar sem lánið rúmaðist ekki innan viðskiptamarka sem áhættunefnd og ákærði gátu ákveðið.

Ákærði lét bankann veita lánið þrátt fyrir að samanlögð áhætta Glitnis banka hf. vegna Stíms ehf. rúmaðist ekki innan þeirra viðskiptamarka sem áhættunefndinni var heimilt að ákveða og ákærða í stöðu sinni. Þegar ákærði tók ákvörðun um veitingu peningamarkaðslánsins til Stíms ehf. var Stím ehf. flokkað í áhættuflokk 7 samkvæmt reglum bankans. Samkvæmt reglum stjórnar Glitnis banka hf. um lán og markaðsáhættu frá 2. október 2007 og lánareglum bankans gat áhættunefnd tekið ákvörðun um viðskiptamörk lántaka í áhættuflokki 7 vegna lánveitinga allt að 8% af eiginfjárgrunni (CAD-hlutfalli) bankans á samstæðugrundvelli. Eiginfjárgrunnur bankans nam 215.036.000.000 krónum samkvæmt ársfjórðungsuppgjöri bankans vegna þriðja ársfjórðungs 2007, birtu 30. október sama ár. Samkvæmt því voru heimildir áhættunefndar og ákærða í stöðu sinni vegna lánveitinga til Stím ehf. takmarkaðar við 17.202.880.000 króna viðskiptamörk. Til þess að veita lánið þurfti samþykki stjórnar bankans fyrir viðskiptamörkum lántakandans Stíms ehf. Bar ákærða, áður en lánið var veitt, að leita eftir samþykki stjórnar Glitnis banka hf. fyrir viðskiptamörkum vegna lánsins en ákærði brást þeirri skyldu sinni.

Ákærði veitti samþykki sitt fyrir lánveitingunni milli funda áhættunefndar Glitnis banka hf. Lánið var til viðbótar lánveitingu bankans til Stíms ehf. frá 16. nóvember 2007 sem þá stóð í tæpum 20 milljörðum króna. Samkvæmt lánsbeiðni var tilgangur þess að fjármagna, til tveggja vikna, frekari kaup Stíms ehf. á hlutabréfum í FL Group hf., sem félagið hafði skráð sig fyrir 14. desember 2007 í hlutafjárútboði FL Group hf. Í lánsbeiðninni kom fram að markaðsvirði hlutabréfanna væri þá þegar komið 10% niður fyrir útboðsgengi þeirra.

Sama dag og lánið var veitt, 4. janúar 2008, ráðstafaði Glitnir banki hf. fyrir hönd Stíms ehf. allri lánsfjárhæðinni, 725.733.870 krónum, til Kaupþings banka hf. til greiðslu á 49.369.651 hlutum í FL Group hf. en sá banki hafði umsjón með hlutafjárútboðinu.

Til tryggingar endurgreiðslu lánsins voru einungis hin keyptu hlutabréf. Stím ehf. keypti hlutabréfin á 14,7 krónur á hvern hlut samkvæmt hlutafjárútboðinu. Gengi þeirra 4. janúar 2008 nam 13,2 krónum á hvern hlut samkvæmt upplýsingum sem ákærði fékk. Var verðmæti hinna veðsett hluta því aðeins um 90% af lánsfjárhæðinni við útgreiðslu peningamarkaðslánsins.

Ákærði lét bankann veita lánið þótt ekki væru fyrir hendi fullnægjandi tryggingar fyrir endurgreiðslu lánsins og heildarskuldir félagsins langt umfram verðmæti eigna. Í lánsbeiðninni kom fram að útistandardi lánveiting Glitnis banka hf. til Stíms ehf., næmi alls 19.996.000.000 krónum og að veðþekja fyrir henni væri 93% miðað við að markaðsvirði hvers hlutar í FL Group hf. væri 13,2 krónur og hvers hlutar í Glitni banka hf. 21,3 krónur. Með ákvörðun um veitingu peningamarkaðslánsins olli ákærði þannig Glitni banka hf. verulegri fjártjónshættu og jók auk þess án heimildar heildaráhættu bankans af lánveitingum til Stíms ehf., sem fór við lánveitinguna upp í um 20,7 milljarða króna.

Lánið til Stíms ehf. var veitt til tveggja vikna. Það var síðan framlengt í þrígang án frekari trygginga, fyrst frá 18. janúar 2008 til og með 2. febrúar s.á., því næst frá 2. febrúar s.á., og að lokum frá 18. febrúar 2008 til og með 7. nóvember 2008, en til greiðslu á síðastnefndum

gjalddaga voru 829.709.795 krónur. Í nóvember 2008 voru greiddar alls um 467.000.000 krónur upp í peningamarkaðslánið en sú greiðsla kom til vegna skuldajöfnuðar. Bú Stíms ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 24. maí 2012 og lauk skiptum 30. ágúst 2013, eins og nánar er rakið í I. ákærulið. Eftirstöðvar peningamarkaðsláns Glitnis banka hf. til Stíms ehf. sem ákærði samþykkti 4. janúar 2008 nema í það minnsta um 360.000.000 krónum og verður að telja þær með öllu tapaðar bankanum.

III

Á hendur ákærða Jóhannesi fyrir umboðssvik, sem framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Glitnis banka hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi í Reykjavík, og ákærða Þorvaldi Lúðvík, sem forstjóri og hluthafi í Sögu Capital fjárfestingarbanka hf., kt. 660906-1260, Hafnarstræti 53 á Akureyri, fyrir hlutdeild í umboðssvikum ákærða Jóhannesar.

GLB FX fagfjárfestasjóðurinn, kt. 521206-9420, Kirkjusandi í Reykjavík var í vörslu Glitnis banka hf. samkvæmt sérstökum samningi og heyrði undir Glitnis sjóði hf., kt. 690694-2719. Sjóðnum var stýrt af undirmönnum ákærða Jóhannesar á markaðsviðskiptasviði bankans. Umboðssvik ákærða Jóhannesar fólust í því að hann misnotaði aðstöðu sína og stefndi fjármunum GLB FX fagfjárfestasjóðsins í verulega hættu þegar hann gaf undirmanni sínum fyrirmæli á tímabilinu 6. til 29. ágúst 2008 um að sjóðurinn keypti víkjandi skuldabréf að fjárhæð 1.004.131.944 krónur í eigu Sögu Capital fjárfestingarbanka hf., útgefnu af Stími ehf. með útgáfudegi 26. nóvember 2007, þótt skuldabréfið væri án fullnægjandi trygginga og skuldir Stíms ehf. langt umfram verðmæti eigna. Kaupin voru gerð 28. eða 29. ágúst 2008 með undirritun samnings um framvirk kaup GLB FX fagfjárfestasjóðsins á víkjandi skuldabréfinu. Samningurinn var dagsettur 18. ágúst 2008 og með lokadegi 19. nóvember 2008 en á þeim degi greiddi sjóðurinn Sögu Capital fjárfestingarbanka hf. alls 1.221.485.090 krónur fyrir skuldabréfið. Eignir GLB FX fagfjárfestasjóðsins 28. ágúst 2008 voru að markaðsvirði 8.099.770.274 krónur og hinn 29. ágúst 2008 8.275.477.126 krónur. Námu kaupin á skuldabréfinu því um 15% af heildareignum GLB FX fagfjárfestasjóðsins.

Hið víkjandi skuldabréf Sögu Capital fjárfestingarbanka hf. á hendur Stími ehf. kom í stað víkjandi lánssamnings milli sömu aðila frá 16. nóvember 2007 að fjárhæð 1.000.000.000 króna. Sá lánssamningur var með gjalddaga 19. nóvember 2008 og var liður í fjármögnun kaupa FS 37 ehf., (síðar Stíms ehf.) á hlutum í Glitni banka hf. og FL Group hf. sem fjallað er um í I. ákærulið. Greiðsluskuldbinding Stíms ehf. gagnvart Sögu Capital fjárfestingarbanka hf., samkvæmt skuldabréfinu var víkjandi gagnvart 19.538.481.818 króna láni Glitnis banka hf. til Stíms ehf. sem fjallað er um í I. ákærulið. Sú lánveiting var þannig forgangslán gagnvart láni Sögu Capital fjárfestingarbanka hf. til Stíms ehf. Tryggingar Sögu Capital fjárfestingarbanka hf. fyrir fjárkröfum samkvæmt skuldabréfinu voru áðurnefnd hlutabréf Stíms ehf. í Glitni og FL Group, sbr. ákæruliðir I og II. Þær urðu ekki virkar fyrr en að forgangsláninu uppgreiddu auk þess sem Stími ehf. var óheimilt að greiða inn á kröfu Sögu Capital fjárfestingarbanka hf. fyrr en forgangslánið var uppgreitt.

Þegar ákærði Jóhannes létt GLB FX fagfjárfestasjóðinn kaupa hið víkjandi skuldabréf í ágúst 2008 vissu ákærðu eða máttu vita að eigið fé skuldarans Stíms ehf. var neikvætt og eignir félagsins höfðu rýrnað verulega. Þannig lá fyrir að síðasta skráða gengi hluta í FL Group hf., áður en ákærði Jóhannes gaf fyrirmæli um kaupin var 6,58, en það var 6. júní 2008 þegar félagið var afskráð af hlutabréfamarkaði. Á þeim degi sem samningur um framvirk kaup á víkjandi

skuldabréfinu var dagsettur, 18. ágúst 2008, var dagslokagengi í Glitni banka hf. 15,75. Eins og verðmæti eigna Stíms ehf. var þegar viðskiptin áttu sér stað og vegna víkjandi stöðu skuldabréfsins gagnvart forgangsláni Glitnis banka hf. fékk GLB FX fagfjárfestasjóðurinn ekki fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu skuldabréfsins. Ákærðu var því báðum ljóst eða mátti vera ljóst að yfirgnæfandi líkur voru á því að hið víkjandi skuldabréf á hendur Stími ehf. fengist ekki greitt á gjalddaga 19. nóvember 2008, sem var jafnframt lokadagur framvirka samningsins.

Ákærði Þorvaldur Lúðvík var forstjóri og stærsti einstaki hluthafi í Sögu Capital fjárfestingarbanka hf. Hlutdeildarbrot hans fólst í því að hann sótti á og hvatti ákærða Jóhannes til að finna kaupanda að hinu víkjandi skuldabréfi í því skyni að Saga Capital fjárfestingarbanki hf. fengi efndir fjárkröfu sinnar á hendur Stími ehf. Hafði ákærði Þorvaldur Lúðvík samráð við ákærða Jóhannes sem miðaði að því að Glitnir banki hf. myndi sjá til þess að Saga Capital fjárfestingarbanki hf. fengi efndir fjárkröfu sinnar. Ákærði Þorvaldur Lúðvík vissi eða mátti vita að langlíslegast væri að krafan samkvæmt skuldabréfinu myndi ekki fást greidd af skuldara þess Stími ehf. á gjalddaga 19. nóvember 2008. Einnig átti Saga Capital, og ákærði fyrir hönd bankans, aðkomu að Stími ehf. frá upphafi viðskipta þess félags með hlutina í Glitni og FL Group. Með efndum GLB FX fagfjárfestasjóðsins 19. nóvember 2008 á framvirka samningnum um kaup á víkjandi skuldabréfinu fékk Saga Capital fjárfestingarbanki hf. fjárkröfu sína á hendur Stími ehf. að fullu greidda frá GLB FX fagfjárfestasjóðnum.

Með háttsemi sinni stefndu ákærðu fjármunum GLB FX fagfjárfestasjóðsins í verulega hættu enda var þannig velt yfir á sjóðinn allri áhættu Sögu Capital fjárfestingarbanka hf. sem eiganda fjárkröfunnar á hendur Stími ehf. samkvæmt skuldabréfinu. Krafan fékkst ekki greidd á gjalddaga skuldabréfsins 19. nóvember 2008 og er nú töpuð vegna gjaldþrots Stíms ehf., sbr. I. ákærulið. Tjón GLB FX fagfjárfestasjóðsins vegna framangreindrar háttsemi ákærðu nemur 1.221.485.090 krónum.

IV

Háttsemi ákærða Lárusar samkvæmt I. og II. ákærulið og háttsemi ákærða Jóhannesar samkvæmt III. ákærulið telst varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Háttsemi ákærða Þorvaldar Lúðvíks samkvæmt III. ákærulið telst varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 22. gr. þeirra laga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008

Um ákærulið I

Hlutabréfaviðskipti þau sem lýst er í ákærulið I má rekja til þess að Glitnir banki hf. (hér eftir: Glitnir) hafði keypt eigin hlutabréf og hlutabréf í FL Group á markaði í stórum stíl í langan tíma sem knúði á um losun stórrar stöðu í hvoru félagi fyrir sig af bókum bankans. Upphof viðskiptanna í nóvember 2007 má rekja til umleitana ákærða Lárusar um að selja nefnda hluti, sem voru í eigu bankans, til nýrra fjárfesta. Viðskiptin, sem námu 4,3% hlutafjár í Glitni og 4,1% hlutafjár í FL Group voru skipulögð af starfsmönnum bankans frá upphafi til enda, að undirlagi ákærða Lárusar,

og fjármögnuð að langstærstum hluta af bankanum sjálfum þannig að áhættan af viðskiptunum hvíldi nær eingöngu á Glitni.

Ákærða Lárusi eru samkvæmt I. ákærulið gefin að sök umboðssvik, sem þar er nánar lýst, í tengslum við 19.538.481.818 króna lán Glitnis til FS 37 ehf. (hér eftir FS 37), 16. nóvember 2007.

Lán þetta var veitt í þeim tilgangi að fjármagna að stærstu leyti kaup FS 37 á umræddum hlutum í bankanum og FL Group. Kaupin voru framkvæmd 13. nóvember 2007 en þá var FS 37 að öllu leyti í eigu Glitnis. Uppgjörsdagur þeirra var 16. nóvember 2007. Þann dag eru dagsettir fjöldi gerninga sem varða kaup nokkurra fjárfesta á hlutafé FS 37 af bankanum sem og lánnssamningur Glitnis við FS 37 undirritaður af ákærða Lárusi Welding og Guðmundi Hjaltasyni fyrir hönd Glitnis og Þórleifi Stefáni Björnssyni f.h. FS 37. Í samningnum var kveðið á um lán frá Glitni allt að jafnvirði 19.538.481.818 íslenskra króna og/eða erlendra mynta til ráðstöfunar til kaupa á 4,1% hlut í FL Group og 4,3% hlut í Glitni samkvæmt kaupsamningi sem gerður hafði verið um hlutina 14. nóvember s.á. Lánið átti að endurgreiða í einu lagi 16. nóvember 2008 ásamt þriggja mánaða REIBOR vöxtum að viðbættu 2,95% vaxtaálagi. Til tryggingar greiðslu samkvæmt lánnssamningnum voru hinir keyptu hlutir í FL Group, allt hlutafé í FS 37, en að auki var samið um sölu- og veðsetningarbann á framangreindum hlutum og hinum keyptu hlutum í Glitni.

Meðal rannsóknargagna eru gögn frá Glitni sem sýna ráðstöfun á óundirrituðu peningamarkaðsláni, dagsettu 16. nóvember 2007 en með gjalddaga 19. nóvember 2007, að fjárhæð 25.038.481.818 krónur, frá Glitni til FS 37, sem fært var á milli reikninga bankans sjálfs og ráðstafað í bókum bankans til greiðslu á kaupverði hlutafjárlins á gjalddaga þess 16. nóvember 2007. Ekki virðist hafa verið um raunverulega lánveitingu að ræða heldur einhvers konar bráðabirgðaráðstöfun innan bankans fram til gerðar þeirra lánagerminga sem um ræðir í málinu.

Glitnir banki var hlutafélag. Stjórn Glitnis hafði æðsta vald í málefnum bankans og setti reglur um starfsemina og markaði henni ramma, sbr. 68. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995 og 13. gr. samþykkta fyrir Glitni banka hf. frá 27. mars 2007. Þá setti bankinn sér starfsreglur í samræmi við lög um fjármálaufyrirtæki, nr. 161/2002.

Dagleg stjórn Glitnis var í höndum ákærða Lárusar sem forstjóra. Honum bar að sjá til þess að rekstur bankans væri í samræmi við lög, samþykktir og ákvarðanir stjórnar bankans, sbr. nánar 15. gr. áðurnefndra samþykktta fyrir Glitni. Samkvæmt ráðningarsamningi ákærða Lárusar við Glitni banka hf. frá 30. apríl 2007, var hann æðsti stjórnandi félagsins og annaðist stjórn alls dagslegs rekstrar. Þær skyldur hvíldu á honum að fara eftir stefnu og fyrirmælum stjórnar bankans og sótti hann vald sitt til stjórnarinnar og bar ábyrgð gagnvart henni.

Áhættunefnd Glitnis var æðsta lánanefnd bankans. Forstjóri bankans var formaður nefndarinnar og skipaði aðra meðlimi hennar, sbr. 3. mgr. greinar 3 í reglum stjórnar Glitnis um lán og markaðsáhættu frá 2. október 2007 (e. *General rules on credit and market risk*) og greinar 5.3 og 6 í útlánahandbók Glitnis (e. *Credit Manual – Risk Management – Credit document 2007*) sem samþykkt var 7. nóvember 2007 af áhættunefnd bankans. Í útlánahandbókinni var meðal annars kveðið á um nauðsyn aðkomu stjórnar að málum þar sem heimildir áhættunefndar dygðu ekki til ákvörðunar viðskiptamarka. Áhættunefnd Glitnis hafði það hlutverk að ákveða útlánaheimildir viðskiptavina innan þeirra viðskiptamarka sem nefndin hafði, sbr. 4. mgr. greinar 3 í reglum stjórnar um lán og markaðsáhættu og grein 5.3 í útlánahandbók bankans. Í grein 4.2 í útlánahandbókinni

kom fram að áhættunefnd heimild til að samþykkja lánsbeiðnir í samræmi við heimildartöflu sem stjórn bankans samþykkti. Sú tafla kom fram í grein 4.4 í útlánahandbókinni svo og grein 4 í reglum stjórnar um lán og markaðsáhættu. Af heimildartöflunni leiddi meðal annars að áhættunefnd var heimilt að veita viðskiptamanni í áhættuflokki 7 lán sem nam allt að 8% af eiginfjárgrunni (CAD-hlutfalli) Glitnis. Stjórn bankans þurfti því að samþykkja viðskiptamörk vegna lánveitinga sem rúmuðust ekki innan heimilda áhættunefndar og varð slík ákvörðun stjórnar að liggja fyrir áður en lán var veitt til viðskiptavinar.

Á fundi stjórnar Glitnis 2. október 2007 í Kaupmannahöfn, sém ákærði sat, setti stjórn bankans áðurnefndar reglur um lán og markaðsáhættu. Samkvæmt fundargerð kynnti ákærði þá sérstaklega fyrir stjórn hvernig leggja ætti beiðni um viðskiptamörk fyrir hana til meðferðar þegar umfang viðskiptamarka og útlánaáhættu lántakans krefðust þess og heimildir áhættunefndar dygðu ekki til ákvörðunar marka. Var jafnframt dreift forskrift að skjali sem nota skyldi við kynningu slíkra mála fyrir stjórn. Á fundinum staðfesti stjórn bankans þessa skjalaforskrift ákærða.

Ákærða voru þannig kunnar allar framangreindar reglur um aðkomu stjórnar að málum þar sem heimildir áhættunefndar dugðu ekki til ákvörðunar viðskiptamarka.

Hinn 12. nóvember 2007 fjallaði áhættunefnd Glitnis um lánveitingu til FS 37 á grundvelli lánsbeiðni í nafni félagsins sem útbúin var af Guðnýju Sigurðardóttur, lánastjóra í Glitni. Í beiðninni var óskað eftir heimild til að lána féluginu allt að 80% af kaupverði á hlutum í Glitni og FL Group eða samtals allt að 24.000.000.000 króna. Fram kom að Samherji hf. yrði eigandi 45% hlutafjár FS 37, Saga Capital fjárfestingarbanki ehf. 25%, Jakob Valgeir Flosason 20% og Ólafur Jóhann Ólafsson 10%. Lánveitingin var samþykkt af áhættunefnd „[...] á þeim nótum sem lagt er fram“ eins og kom fram í bókun nefndarinnar. Þeir meðlimir áhættunefndar sem samþykktu tillöguna voru ákærði Lárus, Alexander K. Guðmundsson, Guðmundur Hjaltason og Helgi Anton Eiríksson.

Í samþykkt áhættunefndar var FS 37 skilgreint í áhættuflokki 7 samkvæmt grein 4 í reglum stjórnar Glitnis um lán og markaðsáhættu, sbr. einnig grein 4.4 í útlánahandbók bankans. Byggðist sú áhættuflokkun á því að lántakinn væri félag með fullnægjandi fjárhagsstöðu og markaðsstöðu og átti þessi áhættuflokkun einkum við um ný fyrirtæki með líttinn eða stuttan feril og að einhverjar líkur væru á vanskilum, sbr. grein 5.3 í matshandbók áhættustýringar Glitnis (e. *Rating Manual – Risk Management – Crédit document 2007*). Með þessari áhættugreiningu var áhættunefnd heimilt að veita féluginu lán sem nam allt að 8% af eiginfjárgrunni (CAD-hlutfalli) Glitnis. Á þessum tíma hafði síðasta ársfjórðungsuppgjör bankans vegna þriðja ársfjórðungs 2007 verið birt 30. október sama ár. Samkvæmt því nam eiginfjárgrunnur Glitnis 215.036.000.000 krónum. Gat áhættunefnd bankans samkvæmt því tekið ákvörðun um mörk sem rúmað gátu allt að 17,2 milljarða króna lánveitingu til FS 37. Með samþykki sínu 12. nóvember 2007 um að lána féluginu allt að 24 milljarða króna ákvað nefndin á hinn bóginn lánveitingu sem kallaði á ákvörðun stjórnar bankans um hærri viðskiptamörk gagnvart viðskiptamanninum FS 37. Það var skylda ákærða sem formanns áhættunefndar og forstjóra bankans að leggja slíkt erindi fyrir stjórn bankans til samþykktar eða synjunar.

Ákærði Lárus undirritaði lánssamning, dagsettan 16. nóvember 2007, og létt þannig Glitni veita FS 37 lán að fjárhæð 19.538.481.818 krónur. Eigendur FS 37 voru allt aðrir þegar lánið var veitt en fram kom í lánsbeiðni sem lögð hafði verið fyrir áhættunefnd 12. nóvember s.á. og samþykkt með þeim hætti sem lýst er í ákærulið I. Á fundi áhættunefndar 20. nóvember s.á. kynnti ákærði Lárus

breytt fyrirkomulag viðskiptanna frá því málið hlaut samþykki áhættunefndar en eins og rakið var hér framar voru viðskiptin þá þegar um garð gengin. Endanlegt fyrirkomulag viðskiptanna varð að eigið fé FS 37 var hækkað í 2.000.500.000 krónur og eignarhald félagsins varð með þeim hætti að Glitnir átti 32,5% eignarhlut í féluginu gegnum eignarhaldsfélagið STM ehf., Gunnar Torfason átti 15%, SPV Fjárfesting ehf., BLÓ ehf. og Ofjarl ehf. áttu 10% hver, Saga Capital fjárfestingarbanki hf. átti 6,25%, Sundagarðar hf. áttu 5%, Ishtar Holding S.A.R.L. átti 3,75%, og þeir Jakob Valgeir Flosason, Ástmar Ingvarsson og Fosi Valgeir Jakobsson 2,5% hver. Hinn 16. nóvember 2007 var nafni félagsins breytt í Stím ehf. (hér eftir Stím) og lögheimili þess flutt að Hafnarstræti 53 á Akureyri. Framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins var þá tilgreindur Þórlifur Stefán Björnsson, sem jafnframt var starfsmaður Sögu Capital fjárfestingarbanka hf., og myndaði hann einnig stjórnað félagsins ásamt Jakobi Valgeiri Flosasyni. Gögn málsins bera þó skýrt með sér að Stím ehf. var í reynd stjórnað af starfsmönnum Glitnis banka, þrátt fyrir að félagið hafi verið með sjálfstæða stjórnað og framkvæmdastjóra. Ákvarðanir um lántökur félagsins og fjárfestingar voru, samkvæmt stjórnamönnum Stíms, teknar í Glitni banka.

Heimfærsla til refsiákvæða samkvæmt ákærulið I

Ákvæði 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um umboðssvik gerir kröfu um að þrjú hlutlæg skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf gerandi að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, í öðru lagi þarf hann að misnota þessa aðstöðu og í þriðja lagi þarf að sýna fram á fjártjón eða verulega fjártjónshættu.

Ákærði Lárus var forstjóri Glitnis og formaður áhættunefndar, sem var æðsta lánanefnd bankans. Ákærði var því í raunverulegri aðstöðu til að skuldbinda bankann. Auk þess hafði ákærði heimild samkvæmt reglum bankans til taka ákvarðanir um lánveitingar utan funda áhættunefndar ásamt einum öðrum nefndarmanni. Hann var jafnframt í þeirri aðstöðu, einn starfsmanna bankans, að geta stjórnað því hvaða mál hann lagði fyrir stjórnað bankans til umfjöllunar.

Eftирgreind atriði styðja að mati ákærvaldsins að ákærði hafi misnotað framangreinda aðstöðu sína með háttsemi sinni samkvæmt I. ákærulið.

Í fyrsta lagi hafði ákærði ekki heimild til að láta Glitni veita FS 37 lán, að fjárhæð 19.538.481.818 krónur, án þess að fyrir lægi samþykki stjórnar Glitnis fyrir viðskiptamörkum á félagið sem þessi lánsfjárhæð rúmaðist innan. Þar sem áhættunefndin var ekki bær til að veita samþykki fyrir svo háum mörkum sem lánveitingin til FS 37 krafðist, bar ákærða skylda til þess sem formanni áhættunefndar og forstjóra Glitnis, að leggja ákvörðun um viðskiptamörk fyrir FS 37 fyrir stjórnað bankans til samþykktar eða synjunar áður en lánið var veitt. Með því að taka ákvörðun um lánveitinguna og undirrita lánssamninginn við FS 37, sem varð til þess að lánið var greitt út, misnotaði ákærði aðstöðu sína og fór út fyrir þær heimildir sem hann hafði samkvæmt reglum bankans.

Í öðru lagi braut ákærði gegn starfs- og trúnaðarskyldu gagnvart stjórnað bankans samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 þegar hann, sem forstjóri Glitnis, sendi ekki stjórninni tillögu til umfjöllunar og ákvörðunar um viðskiptamörk lántakans FS 37 í nóvember 2007 áður en hann veitti lánið. Í ákvörðun um lánveitinguna og með fyrrgreindri háttsemi ákærða fólst bæði óvenjuleg og mikils háttar ráðstöfun fyrir Glitni. Háttsemi ákærða var þannig í andstöðu við 2. mgr. 68. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, þar sem ákærði fór ekki eftir þeim fyrirmælum sem félagsstjórn Glitnis hafði gefið með setningu reglna um viðskiptamörk.

Ákvörðun ákærða Lárusar um lánveitingu til FS 37 til að fjármagna bróðurpartinn af kaupverði hlutanna í Glitni og FL Group fól í sér að fjármunum bankans var stefnt í verulega hættu. Ákærvaldið telur að við mat á því hvort veruleg fjártjónshætta hafi verið fyrir hendi vegi nokkur atriði þungt.

Í fyrsta lagi kemur fram í 1. mgr. greinar 5.2 í útlánahandbók Glitnis að stjórn Glitnis sé æðsta ákvörðunarvald bankans og að lánaákvarðanir sem feli í sér að farið sé umfram skilgreindar heimildir áhættunefndar krefjist samþykkis stjórnar bankans. Augljós tilgangur þessara reglna er að draga úr áhættu bankans af útlánum. Með því að brjóta gegn reglum bankans með ákvörðun um lánveitingu sem ekki var heimild fyrir hlaut ákærða að vera ljóst að hann skapaði bankanum verulega fjártjónshætta.

Í ööru lagi voru tryggingar fyrir láninu langt í frá fullnægjandi. Samkvæmt 2. gr. reglna bankans um lán og markaðsáhættu skyldi leggja sérstaka áherslu á að meta m:a. lánshæfi viðskiptamanns, gæði veðandlaga eða annarra áhættutakmarkana. Í útlánahandbók Glitnis sagði í kafla 8.4 að almennt skyldi Glitnir kappkosta að draga úr áhættu að því marki sem mögulegt væri með formlegum veðum, tryggingum, samningum og öðrum þáttum til að draga úr áhættu. Tryggingu skyldi meta á markaðsvirði eða kaupverði eftir því hvort væri lægra og Glitnir skyldi almennt áskilja sér þann rétt að leita eftir óháðu mati á veðsettum eignum nema viðskipti með þær væru víðtæk.

Lán Glitnis til FS 37 var vaxtaberandi og fól lánveitingin í sér verulega hættu á fjártjóni þar sem þess var ekki að vænta að lánið yrði endurgreitt með öðrum hætti en með andvirði hlutafjáreignar félagsins eða arði af hlutafénu. Gengi hinna veðsettu hlutabréfa í FL Group var í hröðu falli í nóvember 2007 vegna slæmra fréttu af afkomu félagsins og sýnilega fyrir hendi mikil óvissa um verðþróun þeirra. Hlutabréf í Glitni voru einnig að lækka.

Til tryggingar láni Glitnis til FS 37 samkvæmt lánssamningnum 16. nóvember 2007 voru bankanum settir að handveði hlutir félagsins í FL Group og allt hlutafé FS 37, að nafnvírði 2.000.500.000 krónur. Verðmæti hinna veðsettu hluta í FL Group á útborgunardegi lánsins var um 48% af lánsfjárhæðinni. Þá var verðmæti hluta í FS 37 komið langt niður fyrir nafnverð þar sem verðmæti hlutafjáreignar félagsins var þá þegar orðið mun lægra en kaupverð hlutanna. Eiginlegar tryggingar fyrir lánveitingunni voru því með öllu ófullnægjandi.

Öllu hlutafé FS 37, ásamt lánsfí frá Glitni að fjárhæð 19.538.481.818 krónur, Sögu Capital fjárfestingarbanka hf. að fjárhæð 1.000.000.000 króna (sjá einnig röksemdir með III. ákærulið) og frá FS 38 ehf., að fjárhæð 2.500.000.000 krónur, sem Glitnir hafði lánað í gegnum Fons hf., var varið til kaupa á fyrrgreindum hlutum í Glitni og FL Group en það voru einu eignir FS 37. Hlutafé félagsins rann þannig til kaupa á umræddum hlutabréfum sem voru til tryggingar láni Glitnis til félagsins. Hlutaféð stóð því ekki jafnframt sjálfstætt sem trygging fyrir láninu.

Einnig var í lánssamningnum sett sölu- og veðsetningarbann á hluti FS 37 í Glitni og á hlutafé FS 37 en samkvæmt reglum bankans var ekki litið á slíkt skilyrði sem tryggingu, sbr. grein 4.6 í lánahandbók Glitnis frá árinu 2004. Ákærvaldið telur sölu- og veðsetningarbannið á hlutabréfum FS 37 í Glitni hafa haft þann tilgang að festa þau hlutabréf inni í féluginu þannig að komið væri í veg fyrir að þau færu á markað aftur án samþykkis Glitnis. Sölu- og veðsetningarbann á hlutafé FS 37 hafði í reynd sama tilgang, þ.e. að tryggja óbein yfirráð Glitnis yfir ráðstöfun á hlutabréfunum með því að koma í veg fyrir að félagið sem slíkt væri selt án samþykkis Glitnis.

Í grein 10 í lánssamningi Glitnis og FS 37 frá 16. nóvember 2007 kom fram að lántaki skuldbindi sig til þess að hafa stöðu eigna félagsins á móti samanlögðum uppreiknuðum eftirstöðvum lántaka samkvæmt samningnum að minnsta kosti 125%, þ.e. eignir þurfi að vera fjórðungi hærri heldur en samanlagðar skuldir þess. Kæmi til þess að þetta hlutfall fari niður fyrir 118% skuldbatt lántaki sig til að niðurgreiða lánið eða auka eigið fé félagsins þannig að hlutfallið næði aftur 125%, strax eða eigi síðar en 14 dögum eftir að hlutfall færí niður fyrir 118%. Færí þetta hlutfall niður fyrir 111% skyldi lántaki hafa þrjá daga til þess að fára hlutfallið aftur í 125% með þeim hætti sem að framan greinir, frá þeim degi sem hlutfallið færí niður fyrir veðþekjumörkin. Við útgreiðslu lánsins 19. nóvember 2007 var gengi hluta í Glitni komið niður í 24,9 og markaðsverð hinna veðsettu hluta því 15.936.000.000 krónur. Gengi hluta í FL Group var þá komið niður í 21,60 og markaðsverð hinna keyptu hluta því 8.208.000.000 krónur. Eignir FS 37 ehf. námu því samtals 24.144.000.000 króna á útborgunardegi lánsins en það samsvaraði 123,6% af lánsfjárhæðinni og voru sérstök skilyrði fyrir lánveitingunni þá þegar í uppnámi. Engu að síður var lánið greitt út.

Í samhengi við tryggingaþekju lánsins ber einnig að hafa í huga að kröfur Glitnis til trygginga byggðu á handbók bankans um lánamál, sem samþykkt var í bankaráði 23. mars 2004, sem og vinnureglum vegna markaðsviðskipta Glitnis frá janúar 2007. Samkvæmt þessum reglum, einkum grein 3.3 í handbókinni, skyldi aldrei telja tryggingaverðmæti skráðra hlutabréfa hærra en 50% af metnu verðmæti þeirra, sem tók mið af markaðsvirði. Ef þessum reglum hefði verið fylgt hefði tryggingaþekja samkvæmt lánssamningnum átt að vera minnst 200%.

Í þriðja lagi byggði lánveiting ákærða á allt öðrum forsendum en áhættunefnd bankans hafði gengið út frá 12. nóvember 2007. Eigendahópur FS 37 hafði tekið miklum breytingum. Samherji hf. og Ólafur Jóhann Ólafsson, voru ekki lengur í hluthafahópi félagsins eins og lagt hafði verið fyrir áhættunefndina. Glitnir var nú sjálfur stærsti eigandi félagsins í gegnum dótturfélag sitt, STM ehf. Forsendur um að fá að bankanum nýja, virta og fjársterka hluthafa sem legðu fram eigið fjármagn sem eiginfjárframlag í hlutabréfaviðskiptin höfðu því brugðist að stærstu leytí. Engu að síður ákvað ákærði að lánið skyldi veitt og viðskiptin kláruð á breyttum forsendum.

Samkvæmt framangreindu var ákærða Lárusi ljóst, eða hlaut að vera ljóst, að hann stefndi miklum fjármunum bankans í verulega hættu.

Tjón Glitnis samkvæmt ákærulið I

Gjalddagi lánsins átti, eins og áður er rakið, að vera ári eftir útgreiðslu þess. Greiddar voru 210.520.000 krónur inn á höfuðstól lánsins í mars 2008. Það var arðgreiðsla til Stíms sem stafaði af hlutafjáreign félagsins í Glitni banka hf. Gengi hlutabréfa í Glitni og FL Group fór lækkandi allt frá 12. nóvember 2007 og 6. desember 2007 gerði bankinn veðkall vegna kröfu bankans á Stím. Veðkallid var sent fyrirsvarsmanni Stíms 18. desember 2007. Samhliða var send yfirlýsing Glitnis um frestan á innlausn trygginga. Veðkallinu var því ekki fylgt eftir og engin frekari veðköll gerð þrátt fyrir áframhaldandi verðlækkun á hlutabréfum í Glitni og FL Group.

Gögn málsins sýna að starfsmenn bankans unnu að endurskipulagningu Stíms sem eftir það leiddi m.a. til þess að félagið taldist ekki opinberlega meðal stærstu hluthafa bankans. Í lok mars 2008 veitti Glitnir einkahlutafélögunum Hnokka, Hvannborgu, Skarfholi og Yfir heiðar lán til kaupa á um 80% hluta Stíms í Glitni og FL Group. Félögin fjögur voru 100% dótturfélög Stíms en þau höfðu 28. mars 2008 keypt af Stími alls 511.000.000 hluti í Glitni á genginu 17,15 krónur fyrir

hvern hlut og 340.370.000 hluti í FL Group á genginu 6,27 krónur fyrir hvern hlut. Undirritaði ákærði Lárus ásamt lánastjóra hjá Glitni láanasamninga til félaganna fjögurra. Lánveitingar til hvers og eins félags sem og keyptir hlutir þeirra annars vegar í Glitni og hins vegar í FL Group voru í grófum dráttum sams konar. Hverju félagi voru lánaðir um 2,7 milljarðar króna. Söluandvirði hlutabréfanna í Glitni og FL Group sem félögin fjögur greiddu fyrir með þessum nýju lánveitingum Glitnis, var notað til niðurgreiðslu á höfuðstól lánveitinga Glitnis til Stíms. Runnu niðurgreiðslurnar, samtals 10.949.636.624 krónur, inn á lán Glitnis til Stíms frá 16. nóvember 2007. Markaðsverð hlutafjáreignar Stíms og dótturfélaganna var á þessum tíma komið niður í um 15 milljarða króna en efstrostöðvar útlána komnar í um 23 milljarða króna. Hinir nýju lánagerningar til dótturfélaga Stíms og uppgreiðsla á hluta lánsins breyttu því engu um áhættu Glitnis af lánveitingunni 16. nóvember 2007, enda hafði þeirri lánveitingu í reynd verið skipt niður á félögin fjögur ásamt Stími og engar viðbótartryggingar verið settar fyrir endurgreiðslu.

Tjón Glitnis af ráðstöfunum ákærða varð umtalsvert og tapaði Glitnir kröfum sinni samkvæmt láanssamningnum við FS 37 að stærstum hluta. Slitastjórn Glitnis lýsti kröfum í þrotabú Stíms að fjárhæð 24.028.503.834 krónur, sem almennri kröfum. Skiptum á þrotabúi Stíms lauk 30. ágúst 2013. Lýstar almennar kröfur í þrotabúið námu alls 24.028.696.069 krónum. Samkvæmt úthlutunargerð þrotabús Stíms greiddust 15.213.669 krónur eða 0,06% upp í almennar kröfur en þar af fékk slitastjórn Glitnis úthlutað 15.213.547 krónum upp í kröfum sína.

Slitastjórn Glitnis lýsti kröfum í þrotabú dótturfélaga Stíms, einkahlutafélaganna Hnokka ehf., Hvannborgar ehf., Skarfholts ehf., og Yfir heiðar ehf., sem almennum kröfum í þrotabúin og byggðu kröfurnar á láanasamningum vegna veittra lána Glitnis til félaganna í tengslum við endurskipulagningu á Stími í lok mars 2008. Námu kröfulýsingar alls 4.420.230.353 krónum í þrotabú Hnokka ehf., 4.453.466.475 krónum í þrotabú Hvannborgar ehf., kr. 4.443.887.243 krónum í þrotabú Skarfholts ehf., og 4.418.150.485 krónum í þrotabú Yfir heiðar ehf. Samkvæmt úthlutun úr þrotabúum dótturfélaganna fjögurra á árinu 2011 fékk slitastjórn Glitnis enga úthlutun upp í lýstar kröfur.

Ljóst er því að tjón Glitnis af háttsemi ákærða samkvæmt þessum ákærulið verður ekki bætt.

Ákærði hlaut að þekkja reglur bankans vegna starfa sinna sem forstjóri og formaður áhættunefndar Glitnis banka hf. Þar sem honum var jafnframt fullkunnugt um ófullnægjandi tryggingar fyrir láininu hlaut honum að vera ljós sú verulega fjártjónshætta sem fólst í lánveitingunni. Þá hlaut ákærða, sem æðsta stjórnanda bankans, að vera ljóst að með því að brjóta lagaákvæði og innri reglur um lánveitingar var hann að valda bankanum meiri fjártjónshætta en ásættanlegt var í starfsemi bankans og gerði hann í raun ekkert til að draga úr fjártjónshættunni.

Um ákærulið II

Ákærða Lárusi eru í II. ákærulið gefin að sök umboðssvik, með því að hafa í krafti stöðu sinnar sem forstjóri og formaður áhættunefndar Glitnis, misnotað aðstöðu sína og stefnt fjármunum bankans í verulega hættu þegar hann tók ákvörðun um og samþykkti 4. janúar 2008 að Glitnir myndi lána Stími allt að 753.000.000 króna.

Í lánsbeiðni sem Guðný Sigurðardóttir, lánastjóri í Glitni, sendi ákærða og öðrum í áhættunefnd bankans í tölvupósti 4. janúar 2008 kl. 13:51, var óskað eftir samþykki fyrir láni til Stíms að fjárhæð 753.000.000 krónur, til tveggja vikna með möguleika á fram lengingu í þrjá mánuði.

Framkvæmdastjóri Stíms, Þórleifur Stefán Björnsson, sendi á hinn bóginn lánsbeiðni fyrir hönd félagsins í formi tölvupósts til Guðnýjar Sigurðardóttur, skömmu eftir að lánsbeiðnin var send áhættunefnd, eða kl. 13:55 þennan sama dag. Í upplýsingum með lánsbeiðninni til áhættunefndar kom fram að Stím hefði ákveðið að taka þátt í hlutafjárútboði FL Group sem fram fór 11.-14. desember 2007 með því markmiði að selja hlutina strax astur. Óskað væri eftir láninu til að fjármagna kaup á 51.206.386 hlutum að markaðsvirði 752.733.870 krónur, með tryggingu í hinum keyptu hlutum. Uppgjörsdagur vegna viðskiptanna væri 4. janúar 2008. Fram kom einnig að verðmæti hlutanna hefði lækkað um 10% frá útboðsgengingu og að tryggingaþekja vegna eldri lánveitingar Glitnis til Stíms væri komin niður í 93%.

Ákærði samþykkti veitingu lánsins í tölvupósti til Guðnýjar 4. janúar 2008 kl. 14:39 með svofelldum hætti: „I am inclined to approve this for a short term facility due to strong owners of stim but they need to flip as soon as they can.“ Klukkan 15:52 þennan dag, sendi Guðný lánastjóri greiðslufyrirmæli til starfsmanna í markaðsviðskiptum Glitnis vegna lánveitingarinnar og kvaðst hafa skriflegt samþykki frá ákærða Lárusi Welding og Alexander K. Guðmundssyni, en að Guðmundur Hjaltason væri búinn að samþykkja munnlega. Samkvæmt gögnum málsins barst skriflegt samþykki Alexanders hins vegar ekki fyrr en með tölvupósti morguninn eftir, 5. janúar, með athugasemd um að lánveitingin þarfnaðist staðfestingar stjórnar og Lárus Welding myndi athuga það. Í tölvupósti Alexanders sagði um þetta: „Approved [...]. This needs confirmation bu [svo] the board and Iw will look at that.“

Síðdegis 4. janúar var Stími veitt peningamarkaðslán að fjárhæð 725.733.870 krónur. Glitnir hafði svo fyrir hönd Stíms milligöngu um greiðslu á kaupverði hlutanna í FL Group til Kaupþings banka hf., sem annaðist útboðið. Alls keypti Stím 49.369.651 hlut í FL Group fyrir 725.733.870 krónur. Hinn 4. janúar 2008 var dagslokagengi hlutabréfa í FL Group komið niður í 13,1 en hafði verið 14,7 þegar Stím skuldbatt sig til að kaupa hlutina 14. desember 2007. Verð hlutanna hafði því lækkað um 11% frá hlutafjárútboðinu þar til lánið var greitt út og þar með verðmæti trygginga bankans komið niður í tæp 90% af lánsfjárhæðinni.

Í umrætt sinn var óskað eftir því að áhættunefnd tæki ákvörðun um lánveitingu milli funda sinna. Tveir nefndarmenn gátu tekið ákvörðun utan reglulegra funda með tölvupósti og af þeim þurfti annar að vera framkvæmdastjóri bankans eða fulltrúi af fjármálasviði hans. Áhættunefnd Glitnis fundaði næst 9. janúar 2008 og var fyrrgreint millifundasamþykki áhættunefndar fyrir lánveitingunni til Stíms 4. janúar s.á. þá staðfest. Ákærði Lárus tók þátt í fundinum í gegnum síma. Í fundargerð var bókað að viðskiptamörk á lántakann Stím vegna síðustu lánveitingar Glitnis til Stíms upp á 19.600.000.000 krónur (sbr. nánar hér áður í I. ákærulið), sem nú næmi 20.000.000.000, hefðu ekki enn verið skráð hjá bankanum. Viðskiptamörk vegna lánsins frá 4. janúar 2008, sem nú væru til umfjöllunar, næmu 760.000.000 krónum en að gerð væri tillaga um breytingu á viðskiptamörkum Stíms er skyldu nema 20.760.000.000 krónum, í þeim tilgangi að viðskiptamörk vegna eldri lánveitingar Glitnis til Stíms yrðu skráð. Áhættunefnd samþykkti tillöguna, lækkaði jafnframt Stím niður í áhættuflokk 8 og vísaði málínus til stjórnar bankans. Ákærði bar þessa tillögu áhættunefndar ekki undir stjórn bankans, eins og nánar verður rakið.

Heimfærsla til refsiákvæða samkvæmt ákærulið II

Ákvæði 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um umboðssvik gerir kröfu um að þrjú hlutlæg skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf gerandi að vera í aðstöðu til að skuldbinda

annan aðila, í öðru lagi þarf hann að misnota þessa aðstöðu og í þriðja lagi þarf að sýna fram á fjártjón eða verulega fjártjónshættu.

Eins og rakið hefur verið var ákærði í raunverulegri aðstöðu til að skuldbinda Glitni, sem forstjóri bankans og formaður áhættunefndar. Auk þess hafði ákærði heimild samkvæmt reglum bankans til að taka ákvarðanir um lánveitingar utan funda áhættunefndar ásamt einum öðrum nefndarmanni. Hann var jafnframt í þeirri aðstöðu, einn starfsmanna bankans, að geta stjórnað því hvaða mál hann lagði fyrir stjórn bankans til umfjöllunar.

Eftирgreind atriði styðja að mati ákærvaldsins að ákærði hafi misnotað framangreinda aðstöðu sína með háttsemi sinni samkvæmt II. ákærulið.

Í fyrsta lagi fór ákærði með veitingu peningamarkaðslánsins 4. janúar 2008 út fyrir heimildir sínar samkvæmt reglum stjórnar Glitnis um lán og markaðsáhættu og lánareglum bankans, sbr. fyrri umfjöllun um þær reglur. Glitnir átti þá þegar útistandandi lán til Stíms að fjárhæð um 20 milljarðar króna. Það var veitt án þess að stjórn bankans hefði áður samþykkt viðskiptamörk fyrir félagið og braut gegn reglum bankans um lánveitingar, sbr. ákærulið I og röksemdir með honum. Samþykki ákærða fyrir lánveitingu Glitnis til Stíms 4. janúar 2008 hafði það í för með sér að heildarlánveitingar bankans til félagsins fóru upp í yfir 20.720.000.000 krónur og þar með í það minnsta 3.500.000.000 króna upp fyrir þau viðskiptamörk sem áhættunefnd bankans var heimilt að taka ákvörðun um gagnvart lántakanum Stími og ákærða í stöðu sinni. Með þessari lánveitingu jók ákærði enn frekar á áhættu Glitnis af lánveitingum til Stíms.

Áður en peningamarkaðslánið sem ákærði hafði samþykkt var veitt bar ákærða skylda til þess, sem forstjóra og formanni áhættunefndar Glitnis, að leggja fyrir stjórn bankans til samþykktar eða synjunar tillögu um viðskiptamörk lántakandans Stíms er rúmað gátu lánveitinguna. Stjórn Glitnis fékk hins vegar málið ekki til umfjöllunar áður en lánið var veitt.

Ákærði bar ekki upp tillögur fyrir stjórn Glitnis um ákvörðun viðskiptamarka vegna lánveitinga til Stíms frá 16. nóvember 2007 og 4. janúar 2008, áður en lánin voru veitt, eins og honum bar skylda til. Eins og áður sagði var síðan bókað í fundargerð áhættunefndar Glitnis 9. janúar 2008 að peningamarkaðslánveitingunni 4. janúar 2008 væri vísað til stjórnar bankans og um nauðsyn þess að skrá viðskiptamörk vegna eldri lánveitingar Glitnis til Stíms. Á fundi stjórnar Glitnis 28. janúar 2008 bar ákærði upp tillögu um hækkun viðskiptamarka Stíms um einn milljarð króna í þeim tilgangi að Stím gæti gert samning um gjaldmiðlastýringu við deild innan markaðsviðskipta bankans sem nefnd var „Glitnir Fx managed accounts unit“. Nauðsynleg mörk vegna gjaldeyrisviðskiptanna voru talin 500 milljónir króna. Fram kom í töflu í tillögunni að nágildandi viðskiptamörk (e. *Current Limit*) fyrir Stím næmu 20,76 milljörðum króna. Því voru nú lögð til ný viðskiptamörk (e. *Proposed New Limit*) er næmu 21,8 milljörðum króna króna viðskiptamörkum fyrir Stím. Stjórn samþykkti tillöguna eins og hún var lögð fram. Ítreka ber að stjórn bankans hafði fram að þessu aldrei samþykkt nein viðskiptamörk fyrir Stím.

Í öðru lagi braut ákærði jafnframt gegn starfs- og trúnaðarskyldu gagnvart stjórn bankans samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 þegar hann, sem forstjóri Glitnis, sendi ekki tillögu til umfjöllunar og ákvörðunar stjórnar um viðskiptamörk lántakans Stíms vegna lánveitingarinnar. Í ákvörðun um lánveitinguna og með fyrrgreindri háttsemi ákærða fólst bæði óvenjuleg og mikils háttar ráðstöfun fyrir Glitni. Háttsemi ákærða var þannig í andstöðu við 2. mgr. 68. gr. laga um

hlutafélg nr. 2/1995, þar sem ákærði fór ekki eftir þeim fyrirmælum sem félagsstjórn Glitnis hafði gefið með setningu reglna um viðskiptamörk.

Með háttsemi sinni skv. ákærulið II olli ákærði Glitni verulegri fjártjónshættu. Um rökstuðning fyrir því með vísan til innri reglna bankans, einkum 1. mgr. greinar 5.2 og greinar 2 í útlánahandbók Glitnis, vísast til umfjöllunar um ákærulið I. Sérstaklega er vísað til þess hér að með áðurnefndri lánsbeiðni vegna peningamarkaðslánsins fylgdu þær upplýsingar að þekja vegna eldri lánveitinga Glitnis til Stíms væri komin niður í 93% en þar var átt við að verðmæti hluta í eigu Stíms væri einungis 93% af útlánum bankans til félagsins. Ástæða þess var hröð verðlækkun á hlutabréfum Stíms í Glitni og FL Group sem voru einu eignir félagsins. Þar sem bankinn gat ekki vænst þess að endurgreiðsla lánanna yrði fjármögnuð með öðru en andvirði eða arði af eignum félagsins var ákærða ljóst eða hlaut að vera ljóst að með nýrri lánveitingu til félagsins væri áhætta Glitnis af vanefndum eða greiðslufalli skuldarans Stíms aukin verulega. Til viðbótar varðandi grandsemi ákærða um greiðsluhæfi Stíms áður en lánið var veitt skal nefnt að frá einum áhættunefndarfulltrúa komu samdægurs fram í tölvupósti til annarra meðlima nefndarinnar, þar með ákærða, athugasemdir um að án beinnar aðkomu hluthafa Stíms væri líklegt að félagið myndi geta staðið í skilum, nema hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi tæki U-beygju. Lánastjórinn sem fór með lánsbeiðnina sendi svar við þessum athugasemdum á áhættunefndarmeðlimi, þar með ákærða, þar sem meðal annars kom fram að eigið fé Stíms væri neikvætt og frekari fjárstuðningur frá hluthöfum hafi ekki verið til umræðu.

Ákærði samþykkti að Glitnir myndi veita Stími auka lánafyrirgreiðslu þrátt fyrir að upplýsingar sem fylgdu lánsbeiðni sýndu að markaðsverð þeirra hluta í FL Group sem bankinn tók að veði til tryggingar endurgreiðslu lánsins væri aðeins um 90% af lánsfjárhæðinni. Ákærða var þannig ljóst eða hlaut að vera ljóst að tryggingar fyrir endurgreiðslu lánsins væru ófullnægjandi og fjárhagsstaða Stíms með þeim hætti að ólfsklegt væri að félagið gæti staðið í skilum. Veruleg fjártjónshætta blasti því við þegar ákærði samþykkti peningamarkaðslánveitinguna til Stíms.

Tjón Glitnis samkvæmt ákærulið II

Lánstími peningamarkaðslánsins til Stíms var framlengdur í þrígang, fyrst frá 18. janúar 2008 til og með 2. febrúar s.á., því næst frá 2. febrúar s.á., og að lokum frá 18. febrúar 2008 til og með 7. nóvember 2008, en síðastnefndan dag nam lánsfjárhæð alls til greiðslu á þeim gjalddaga 829.709.795 krónum. Greiddar voru alls um 467.000.000 krónur upp í peningamarkaðslánið 18. nóvember 2008 en eftirstöðvar þess hafa ekki fengist greiddar og verða að teljast með öllu tapaðar bankanum, samanber það sem fyrr er rakið í röksemendum fyrir í I. ákærulið um gjaldþrotaskipti á búi Stíms og úthlutun úr búinu.

Um ákærulið III

Í III. ákærulið eru Jóhannesi Baldurssyni gefin að sök umboðssvik með háttsemi sem þar er nánar lýst varðandi kaup fagfjárfestasjóðsins GLB FX á víkjandi skuldabréfi að fjárhæð 1.004.131.944 krónur, útgefnu af Stími með útgáfudegi 26. nóvember 2007, í eigu Sögu Capital fjárfestingarbanka hf. (hér eftir Saga Capital) þrátt fyrir að hafa vitnesku um að skuldabréfið væri án fullnægjandi trygginga og skuldir Stíms væru langt umfram eignir.

Ákærða Þorvaldi Lúðvík er gefin að sök hlutdeild í umboðssvikum ákærða Jóhannesar eins og nánar er lýst í ákærulið III.

Forsögu kaupa fagfjárfestasjóðsins GLB FX á skuldabréfinu má rekja allt aftur til nóvember 2007 þegar ákærði Jóhannes undirritaði f.h. markaðsviðskipta Glitnis samning, dagsettan 14. nóvember 2007, um sölu á hlutum í Glitni og FL Group til FS 37, sbr. I. ákærulið. Saga Capital átti aðkomu að þeim viðskiptum með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi með kaupum á 15% hlut í Stími, sem Saga Capital áframseldi hluta af til tveggja fjárfesta. Í öðru lagi með 1.000.000.000 króna víkjandi láni Sögu Capital til FS 37 samkvæmt lánssamningi, dagsettum 16. nóvember 2007. Lánið var veitt til kaupa Stíms á hlutum í Glitni og FL Group sem fjallað er um í I. ákærulið. Höfuðstól lánsins og vexti átti að greiða í einu lagi 19. nóvember 2008. Lán Sögu Capital til FS 37 var víkjandi gagnvart forgangsláni Glitnis að fjárhæð 19.538.481.818 krónur, sem fjallað var um í I. ákærulið, að því leyti að það skyldi ekki koma til greiðslu fyrr en forgangslánið væri uppgreitt og tryggingaráttindi gátu ekki orðið virk fyrr. Til hliðar við samninginn var gerður sérstakur veðsamningur þar sem Sögu Capital voru settar að handveði eignir Stíms á öðrum veðrétti á eftir tryggingarréttindum Glitnis. Í þriðja lagi annaðist Saga Capital tilkynningu til Kauphallar Íslands 14. nóvember 2007 varðandi helming viðskipta með hlutina sem FS 37 keypti af Glitni og fékk greiddan helming þóknunar vegna viðskiptanna með bréfin, alls 37.200.000 krónur, þrátt fyrir að vera í reynd ekki aðili að kaupsamningnum um hlutina sem var milli markaðsviðskipta Glitnis og FS 37 frá 14. nóvember 2007. Glitnir fékk hinn helming þóknunar vegna viðskiptanna. Í fjórða lagi lagði Saga Capital féluginu Stími (áður FS 37) til heimilisfesti, ásamt því sem starfsmaður Sögu Capital varð framkvæmdastjóri félagsins enda þótt öll stjórn félagsins væri í reynd hjá Glitni eins og áður segir.

Á fundi ákærðu í Glitni banka 16. janúar 2008, sem boðað var til að undirlagi ákærða Jóhannesar, sammæltust ákærðu um að breyta fyrnefndum víkjandi lánssamningi Sögu Capital og Stíms í víkjandi skuldabréf. Þessi gerningur var dagsettur aftur í tímann, þ.e. til 26. nóvember 2007. Í skuldabréfinu voru áfallnir vextir, frá 16. til 26. nóvember 2007, lagðir við höfuðstól lánsins og var nafnverð þess 1.004.131.944 krónur. Samhliða þessu voru einnig gerðir hagnaðarhlutdeildarsamningar, dagsettir 28. janúar 2008, milli Glitnis og Stíms svo og milli Glitnis og Sögu Capital um hlutdeild í hagnaði Stíms þegar tvö ár væru liðin frá dagsetningu samningsins. Með fyrri samningnum samþykkti Stím að greiða Glitni 100% af þeim hagnaði sem myndaðist hjá Stími en síðari samningurinn kvað á um kröfу Sögu Capital á hendur Glitni til hlutdeilda í samningi Glitnis við Stím. Þá vann ákærði Jóhannes verðmat vegna samninganna, dagsett 27. janúar 2008.

Á tímabilinu 28. til 29. ágúst 2008 var undirritaður samningur um framvirk kaup fagfjárfestasjóðsins GLB FX á víkjandi skuldabréfi Sögu Capital á hendur Stími. Samningurinn var dagsettur 18. ágúst 2008 og undirritaður af Magnúsi Pálma Örnólfssyni fyrir hönd kaupanda en Rúnari Friðrikssyni, framkvæmdastjóra fjárvíringar Sögu Capital, fyrir hönd seljanda. Nafnverð skuldabréfsins að viðbættum áföllnum vöxtum á samningsdegi var 1.167.935.617 krónur. Lokadagur samningsins var 19. nóvember 2008 eða á gjalddaga hins víkjandi skuldabréfs. Framvirkta kaupverð miðaði við 17,75% vexti og 1,25% álag og var því 1.221.485.090 krónur. Sú fjárhæð var millifærð 19. nóvember 2008 af reikningi fagfjárfestasjóðsins GLB FX, nr. 515-26-410050, á reikning Sögu Capital í Seðlabanka Íslands nr. 001-26-10400 með skýringunni: „FS37 08 19/11“. Viðskiptin með skuldabréfið duldust í bókum GLB FX þar sem ekkert var fært um þau fyrr en við greiðslu fyrir skuldabréfið 19. nóvember 2008.

Frá desember 2007 og fram í júlí 2008 var ákærði Þorvaldur Lúðvík í miklum samskiptum við ákærða Jóhannes og aðra starfsmenn Glitnis vegna sífellt versnandi stöðu Stíms og þar með yfirvofandi fjártjónshættu Sögu Capital vegna víkjandi kröfу sinnar. Áhyggjur ákærða Þorvaldar

Lúðvíks koma meðal annars fram í samskiptum við endurskoðendur Sögu Capital og tilraumum hans til að fá frá Glitni einhvers konar skaðleysisfirlýsingu svo kröfuna þyrfti ekki að afskrifa eða varúðarfæra í bókum Sögu Capital. Gögn málsins sýna að Þorvaldi Lúðvík var fullkunnugt um bágborgna stöðu skuldarans Stíms samkvæmt hinu víkjandi skuldabréfi og að hann hafi knúið á um að Glitnir myndi finna lausn á málínunum með þeim hætti að Saga Capital fengi efndir fjárkröfu sinnar. Samkvæmt gögnum málsins virðast ákærðu hafa verið búnir að sammælast um að Saga Capital fengi kröfuna á hendur skuldarana Stími greidda að fullu, nokkru fyrir viðskiptin í ágúst 2008. Samskipti Þorvaldar Lúðvíks við endurskoðanda Sögu Capital í júní 2008, sýna að hann hafi þá haft fyrir því vissu að Saga Capital myndi ekki bera skaða af þátttöku sinni í viðskiptum Stíms.

Ráðagerðir ákærðu um að GLB FX keypti hið víkjandi skuldabréf á hendur Stími af Sögu Capital komu samkvæmt gögnum málsins fyrst fram á fundi þeirra beggja 6. ágúst 2008. Eigin vinnugögn ákærða Þorvaldar Lúðvíks bera með sér að veittar hafi verið upplýsingar um stöðu Stíms í skuldastýringu hjá Glitni á fundinum og jafnframt að hann skráði hjá sér minnispunkta eða úrlausnarefnini varðandi tilhögum viðskiptanna sem eru að verulegu leyti í samræmi við það hvernig viðskiptin voru að lokum endanlega framkvæmd. Í framhaldi fundarins hóf ákærði Jóhannes vinnu, við að koma á viðskiptunum.

Ákærði Jóhannes hafði samband við ákærða Þorvald Lúðvík á hádegi 14. ágúst 2008 með tölvupósti. Í meginmáli hans stóð einungis: „GLB FX (Glitnir sjóðir hf., GLB FX) kt. 5212069420“. Fimm mínútum síðar framsendi ákærði Þorvaldur Lúðvík póstinn til samstarfsmanna sinna hjá Sögu Capital og sagði í meginmáli póstsins orðrétt: „VICTORY!“ Seinna sama dag gaf ákærði Þorvaldur Lúðvík þessum sömu samstarfsmönnum fyrirmæli um að útbúa framvirkana samning um sölu á víkjandi skuldabréfinu til GLB FX. Starfsmaður Sögu Capital, Rúnar Friðriksson, útbjó drög að framvirkum samningi. Í meðfórum starfsmanna Sögu Capital á þeim drögum var bætt inn svonefndum viðbótarskilmála við samninginn þar sem fram kom að hið víkjandi skuldabréf væri án trygginga, að útgefandi ætti ekki eignir til að tryggja greiðslu þess og svo kynni að fara að hið víkjandi skuldabréf fengist ekki greitt. Þessar varúðarráðstafanir af hálfu Sögu Capital styðja að mati ákærvaldsins við framangreinda umfjöllun um grandsemi ákærða Þorvaldar Lúðvíks um að verðgildi skuldabréfsins væri í reynd ekkert eða í besta falli hverfandi miðað við kaupverð þess.

Rúnar sendi ákærða Jóhannesi framvirka samninginn ásamt svokölluðum „client take-on“ skjölum, með tölvupósti 18. ágúst 2008, og framsendi síðan þann tölvupóst til ákærða Þorvaldar Lúðvíks. Ákærði Jóhannes framsendi tölvupóstinn á undirmenn sín, Magnús Pálma Örnólfsson og Guðmund M. Daðason. Gögn málsins sýna að starfsmenn Sögu Capital hafi svo verið í samskiptum við ákærða Jóhannes um framkvæmd viðskiptanna. Þannig sendi Rúnar Friðriksson tölvupóst til ákærða Jóhannesar, að morgni 26. ágúst 2008, og spurði hver staðan væri á málínunum. Degi síðar, 27. ágúst 2008, sendi ákærði Jóhannes tölvupóst til Magnúsar Pálma þar sem hann áframsendi tölvupóst Rúnars frá deginum áður. Spurði ákærði Jóhannes Magnús Pálma að því hvort hann væri búinn að skoða málið. Magnús Pálmi svaraði um klukkustund síðar og stakk upp á því að þeir heyrðust í síma um málið. Snemma morguns 28. ágúst 2008, kl. 08:39, sendi ákærði Jóhannes tölvupóst til Magnúsar Pálma með fyrirmælum um framkvæmd viðskiptanna ásamt skjalapakka með heitinu: „Lokaeintök.pdf“. Ákærði Jóhannes hafði áður fengið hann sendan í tölvupósti frá starfsmanni Glitnis 12. ágúst 2008. Í meginmáli póstsins sagði orðrétt: „bréfið er aftast í skjalinu. greiðir 3m reibor + 7%.“ Nokkrum mínútum síðar svaraði ákærði Jóhannes tölvupóstinum frá Rúnari, frá 26. ágúst s.á., upplýsti um að málið væri í vinnslu og kvaðst ætla að heyra í honum aftur

þennan sama dag. Að kvöldi 28. ágúst s.á. kl. 18:56, sendi ákærði Jóhannes annan tölvupóst til Rúnars og tilkynnti honum um að verið væri að vinna í undirskrifnum. Síðar um kvöldið upplýsti Magnús Pálmi svo ákærða Jóhannes um að verið væri að vinna í málínu. Yfirschrift tölvupósts Magnúsar Pálma var: „Saga“ Í meginmáli póstsins upplýsti hann að pappírar yrðu kláraðir og það ætti að vera hægt að keyra viðskiptin í gegn daginn eftir. Framvirki samningurinn um kaupin á skuldabréfinu var svo sendur af starfsmanni Glitnis, undirritaður af Magnúsi Pálma f.h. Glitnis sjóða hf. (GLB FX), til Rúnars Friðrikssonar hjá Sögu Capital 29. ágúst 2008, kl. 12:06. Í framhaldinu sendi ákærði Þorvaldur Lúðvík undirritað eintak samningsins til endurskoðanda Sögu Capital, en þennan dag var eindagi sex mánaða uppgjörs Sögu Capital.

Heimfærsla til refsiákvæða samkvæmt ákærulið III

Ákvæði 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um umboðssvik gerir kröfu um að þrjú hlutlæg skilyrði þurfi að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi þarf gerandi að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, í öðru lagi þarf hann að misnota þessa aðstöðu og í þriðja lagi þarf að sýna fram á fjártjón eða verulega fjártjónshættu. Í 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir að hver sá maður, sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því, að brot samkvæmt lögnum er framið, skuli sæta þeirri refsingu sem við brotinu er lögð.

Ákærði Jóhannes var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Glitnis, yfirmaður þeirra sem höfðu umsjón með GLB FX fagfjárfestasjóðnum og í raunverulegri aðstöðu til að gefa þeim fyrirmæli. Hann var því í raunverulegri aðstöðu til að skuldbinda GLB FX til kaupa á víkjandi skuldabréfi Sögu Capital útgefnum af Stími með fyrirmælum þess efnis til undirmanns síns. GLB FX fagfjárfestasjóðurinn var rekinn af dótturfélagi Glitnis, Glitnis sjóðum hf., en stýring sjóðsins var hjá Glitni samkvæmt samningi þar um, nánar tiltekið hjá deild innan markaðsviðskipta bankans sem hét FX Advisory. Þeir sem höfðu umsjón með starfsemi GLB FX innan markaðsviðskipta Glitnis voru Magnús Pálmi Örnólfsson og Ingimundur Ásgeirsson en Magnús Pálmi veitti FX Advisory forstöðu. Raunverulegir eigendur fagfjárfestasjóðsins voru þeir sem lögðu fé í sjóðinn til ávöxtunar og fengu þeir hlutdeildarskírteini til staðfestingar á eignarhlutdeild sinni í sjóðnum.

Reglur GLB FX fagfjárfestasjóðsins voru rúmar hvað varðaði heimildir til fjárfestinga og sjóðurinn sætti ekki opinberu eftirliti Fjármálaefstirlitsins. Jafnvel þótt undirmenn ákærða á svíði markaðsviðskipta Glitnis hafi formlega notið sjálfstæðis í störfum sínum fyrir sjóðinn var starfssamband þeirra og ákærða með þeim hætti að ákærði var í raunverulegri aðstöðu til að gefa þeim fyrirmæli.

Í tengslum við viðskiptin með hið víkjandi skuldabréf voru starfsmenn Sögu Capital ekki í samskiptum við umsjónarmenn GLB FX fagfjárfestasjóðsins heldur við ákærða Jóhannes. Ákærði Jóhannes tók ákvörðun um viðskiptin og ákvað greiðslukjör á framvirka samningnum um kaup sjóðsins á hinu víkjandi skuldabréfi af Sögu Capital, dagsettu 18. ágúst 2008. Hann gaf Magnúsi Pálma fyrirmæli um að framkvæma viðskiptin sem hann gerði að lokum með undirritun sinni á samninginn á tímabilinu 28. til 29. ágúst 2008. Ákærði Jóhannes létt þannig GLB FX fagfjárfestasjóðinn kaupa hið víkjandi skuldabréf á fullu verði með áföllnum og áfallandi vöxtum, án nokkurra affalla og án þess að nokkur athugun færi fram á verðmæti hins víkjandi skuldabréfs.

Ákærða Jóhannesi hlaut í ljósi stöðu sinnar, menntunar og starfsreynslu að vera ljós sú skylda að fjárfestingar GLB FX fagfjárfestasjóðsins ættu eingöngu að miða að því að gæta hagsmunu eigenda

sjóðsins, þ.e. hlutdeildarskíteinishafa. Umboðssvik ákærða Jóhannesar fólust í að misnota þá aðstöðu sem hann hafði gagnvart umsjónarmönnum sjóðsins með því að gefa öðrum þeirra fyrirmæli um að ráðstafa 1.221.485.090 krónum af eignum sjóðsins til kaupa á víkjandi skuldabréfi, sem honum var fullkunnugt um að var án rauverulegra trygginga og vonlítioð eða vonlaust að fengist greitt. Ráðstöfunin var gerð til hagsbóta fyrir Sögu Capital og var í beinni andstöðu við hagsmuni eigenda sjóðsins.

Framangreind misnotkun ákærða Jóhannesar á aðstöðu sinni hafði í för með sér verulega fjárljónshættu fyrir GLB FX fagfjárfestasjóðinn og leiddi að endingu til verulegs fjártjóns fyrir hann. Hið víkjandi skuldabréf sem ákærði Jóhannes lét GLB FX kaupa var útgefíð af Stími. Ákvæði skuldabréfsins voru með þeim hætti að greiðsla á bréfinu skyldi ekki fara fram fyrr en skuld Stíms við Glitni samkvæmt lánssamningi frá 16. nóvember 2007 að fjárhæð 19.538.481.818 krónur með gjalddaga 19. nóvember 2008, sbr. ákærulið I, væri að fullu greidd. Tryggingar fyrir endurgreiðslu skuldabréfsins stóðu jafnframt að baki tryggingum samkvæmt umræddum lánssamningi og skyldu ekki verða virkar fyrr en að því láni uppgreiddu.

Þegar ákærði Jóhannes lét GLB FX kaupa hið víkjandi skuldabréf voru einu eignir Stíms og fjögurra dótturfélaga þess hlutabréf í Glitni og óskráð hlutabréf í FL Group. Um var að ræða annars vegar samtals 640.000.000 hluti í Glitni. Gengi þeirra hlutabréfa var komið niður í 15,75 29. ágúst 2008 og markaðsvirði hlutanna þá því 10.008.000.000 krónur. Hins vegar voru 429.369.651 hlutir í FL Group. Gengi þeirra var komið niður í 6,58 þegar félagið var afskráð af hlutabréfamarkaði 6. júní 2008 og markaðsverð hlutanna þá því 2.825.252.304 krónur en nákvæmt verðmæti hinna óskráðu bréfa var óvist þegar viðskiptin með skuldabréfið áttu sér stað. Verðmæti eigna Stíms og fjögurra dótturfélaga var því samtals undir 13 milljörðum króna þegar ákærði lét GLB FX kaupa hið víkjandi skuldabréf en skuldir félagsins og dótturfélaganna voru ekki undir 27 milljörðum króna. Þar af voru skuldir við Glitni, sem skuldabréfið vék fyrir, ekki undir 23 milljörðum króna. Ákærði Jóhannes þekkti vel til málefna Stíms. Þegar hann gaf fyrirmæli um kaup á hinu víkjandi skuldabréfi var honum ljóst eða hlaut að vera ljóst að vonlítioð eða vonlaust væri að skuldabréfið fengist greitt á gjalddaga og þannig stefndi hann fjármunum GLB FX fagfjárfestasjóðsins í verulega hættu.

Hlutdeildarbrot ákærða Þorvaldar Lúðvíks fólst í því að hann sóttist eftir því og hvatti til þess að ákærði Jóhannes myndi finna kaupanda að hinu víkjandi skuldabréfi og þannig fengi Saga Capital, þar sem ákærði Þorvaldur Lúðvík var forstjóri og stærsti einstaki hluthafi, fullar efndir fjárkörfu sinnar samkvæmt bréfinu á hendur Stími, þrátt fyrir að eiga ekkert lögmælt tilkall til þess úr höndum Glitnis, og þrátt fyrir að ákærða Þorvaldi Lúðvík hafi verið ljóst að langlíklegast væri að skuldarinn Stím myndi ekki geta staðið undir eða efnt fjárskuldbindingu sína samkvæmt bréfinu. Efndir fagfjárfestasjóðsins GLB FX á framvirka samningnum höfðu það í för með sér, að Saga Capital fékk kröfu sína samkvæmt skuldabréfinu greidda að fullu.

Ákærði Þorvaldur Lúðvík leiddi af hálfu Sögu Capital samskipti við Glitni í undanfara kaupa GLB FX á skuldabréfinu af Sögu Capital. Hann hafði aðkomu að málefnum Stíms með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi hafði hann frumkvæði að því að óska eftir fundi í Glitni með ákærða Jóhannesi í desembermánuði 2007 um stöðu lánadrottna Stíms í ljósi versnandi stöðu eigna félagsins. Í öðru lagi sammæltust ákærðu Þorvaldur Lúðvík og Jóhannes um breytingu á lánssamningi Sögu Capital yfir í víkjandi skuldabréfið. Í þriðja lagi átti ákærði Þorvaldur Lúðvík frekari fundi og samskipti við ákærða Jóhannes á árinu 2008 um málefni Stíms og stöðu lánveitingar Sögu Capital til Stíms. Gögn

málsins benda til að ákærði Þorvaldur Lúðvík hafi lítið þannig á að ákærði Jóhannes væri sá starfsmaður Glitnis sem hefði með málefni Stíms að gera og að Glitnir myndi þannig standa með Stími og halda Sögu Capital skaðlausri af láninu til Stím. Í fjórða lagi bera gögn málsins með sér að ákærði Þorvaldur Lúðvík hafi leitast við að fá frá Glitni yfirlýsingar um að fjárfrafa Sögu Capital á hendur Stím væri tryggð og síðar lýst því yfir gagnvart endurskoðanda Sögu Capital að svo væri. Þrátt fyrir vitnesku um stöðu skuldarans Stíms og stöðu kröfunnar lagði ákærði Þorvaldur Lúðvík hart að ákærða Jóhannesi, að fundin yrði lausn á málínunum hvað Sögu Capital varðaði. Sú lausn varð á endanum að Saga Capital fékk kröfu sína greidda að fullu, ásamt vöxtum, frá GLB FX. Ákærði Þorvaldur Lúðvík var í senn forstjóri Sögu Capital og eigandi 12% hlutafjár í fjárfestingabankanum, samkvæmt ársreikningi bankans fyrir árið 2008. Hafði ákærði Þorvaldur Lúðvík því persónulega og fjárhagslega hagsmuni af því að viðskiptin með hið víkjandi skuldabréf yrðu að veruleika.

Í ljósi stöðu sinnar, menntunar, starfsreynslu og allra atvika málsins hlaut ákærða Þorvaldi Lúðvík að vera ljóst að sú ráðstöfun að GLB FX fagfjárfestasjóðurinn yrði láttinn kaupa víkjandi kröfu Sögu Capital á hendur Stími væri ólögmæt og fæli í sér óréttmæta auðgun Sögu Capital á kostnað GLB FX fagfjárfestasjóðsins. Í ljósi þeirra upplýsinga sem ákærði Þorvaldur Lúðvík hafði um stöðu skuldarans Stíms vissi hann eða mátti vita að litlar sem engar líkur væru á því að Stím myndi geta greitt víkjandi fjákröfuna á gjalddaga. Ákærði Þorvaldur Lúðvík vissi einnig eða mátti vita að Saga Capital hefði engar haldbærar tryggingar fyrir kröfunni kæmi til greiðslufalls hjá Stími. Ákærði Þorvaldur Lúðvík tók ekki síður þátt í því en ákærði Jóhannes að finna þá lausn til handa Sögu Capital að GLB FX fagfjárfestasjóðurinn keypti skuldabréfið af Sögu Capital þannig að fjártjónshættu vegna bréfsins sem áður hafði hvílt á Sögu Capital var velt yfir á GLB FX. Ákærði Þorvaldur Lúðvík átti þannig, með liðsinni og hvatningum, hlutdeild í umboðssvikabroti ákærða Jóhannesar sem leiddi til samsvarandi auðgunar Sögu Capital.

Tjón GLB FX fagfjárfestasjóðsins samkvæmt ákærulið III

Krafa GLB FX vegna víkjandi skuldabréfsins tapaðist algerlega við gjaldþrot Stíms, sbr. nánar í I. ákærulið. Markaðsviði eigna GLB FX voru 28. ágúst 2008 um 8,1 milljarður króna og degi síðar hinn 29. ágúst tæplega 8,3 milljarðar króna. Rýrnuðu eignir sjóðsins því um 15% með viðskiptunum. Tjón GLB FX fagfjárfestasjóðsins vegna framangreindrar háttsemi ákærðu nam 1.221.485.090 krónum en eftir uppgjör framvirka samningsins 19. nóvember 2008 námu eignir GLB FX fagfjárfestasjóðsins í lok þess dags um 7,15 milljörðum króna.

Embætti sérstaks saksóknara,

Reykjavík, 10. febrúar 2014,


Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, saksóknari
